

# Fundargerð 62. fundar

## stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2021, mánudaginn 22. febrúar kl. 11:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Rebekka Hilmarsdóttir, Baldur Smári Einarsson, Fannar Jónasson, Jón Björn Hákonarson, Matthildur Ásmundardóttir, Gauti Jóhannesson og Þorgeir Pálsson.

Að auki sat fundinn: Valgerður Freyja Ágústsdóttir sem ritaði fundargerð.

Njáll Ragnarsson boðaði forföll.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

Bryndís Gunnlaugsdóttir, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði, sat fundinn undir þessum dagskrárlíð.

### 1. Frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum - 2011002SU

Bryndís Gunnlaugsdóttir, lögfræðingur lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, kemur á fund og fer yfir frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum sem búið er að mæla fyrir á þingi.

*Formaður greindi frá því að mælt var fyrir frumvarpinu á Alþingi í sl. viku en ekki sé komin fram beiðni um umsögn.*

*Bryndís Gunnlaugsdóttir fór yfir frumvarpið m.t.t. breytinga frá því skjalið var í Samráðsgátt sl. haust. Helstu niðurstöður þessarar rýni eru að allar ábendingar hafa verið teknar til greina er lutu að skýrari framkvæmd. Eftir stendur að ekki náðist að koma í gegn tillögum samtakanna um aðferðafræði við útreikning aflagjalda vegna fiskeldis.*

*Bent er á mikilvægi þess að kveðið verði á um í reglugerð hvernig skuli standa að samráði við notendur um gjaldtöku hafnagjalda, því þetta geti verið fordæmisgefandi.*

*Samþykkt að Bryndís Gunnlaugsdóttir vinni drög að umsögn fyrir samtökin um frumvarpið sem byggir á fyrri umsögnum þar sem lögð er áhersla á að aflagjald vegna fiskeldis taki mið af verðmæti.*

### 2. Tekjur sveitarfélaga af sjávarútvegi og fiskeldi - 2102004SU

Á síðasta stjórnarfundinu voru ræddar hugmyndir um aðkeypta vinnu eða greinargerð um tekjustofna sveitarfélaga vegna sjávarútvegs og þ.m.t. fiskeldis.

Formaður leggur fram drög að verklýsingu.

*Formaður kynnti drög að verklýsingu vegna aðkeyptrar vinnu um kortlagningu tekjustofna sveitarfélaga vegna sjávarútvegs og þ.m.t. fiskeldis.*

Engar athugasemdir voru gerðir við verkefnalýsingu og skoðast hún því samþykkt.

Rætt var um mögulega verktaka. Ákveðið að leita tilboða.

**3. Brothættar byggðir, krafa um lokun fyrir togveiðar stærri skipa á Borgarfirði eystra - 2102003SU**

Lagt fram til kynningar.

Gauti Jóhannesson fór yfir málið og kynnti fyrir stjórn.

Fundi var slitið kl. 11:40

---

Rebekka Hilmarsdóttir

---

Baldur Smári Einarsson

---

Fannar Jónasson

---

Jón Björn Hákonarson

---

Matthildur Ásmundardóttir

---

Gauti Jóhannesson

---

Porgeir Pálsson